



1970 • 2020

**Hjálparstarf kirkjunnar**  
actalliance

Starfsskýrsla **2019-2020**

# Hjálparstarf kirkjunnar

## actalliance

Starfsskýrsla 2019-2020

Aðalfundur  
26. september 2020  
haldinn í Grensáskirkju



# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	4	<b>Prúnarsamvinna</b>	20
		<i>Eþíopía</i>	20
<b>Verkefni innanlands</b>	5	<i>Indland</i>	21
<b>Neyðaraðstoð vegna fátæktar</b>	5	<i>Úganda - Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis</i>	21
<b>Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð</b>	11	<i>Úganda - Unglingar í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri til betra lífs</i>	23
<b>Fræðsla og málsvarastarf</b>	14	<b>Fjármál</b>	25
<b>Fræðsla</b>	14	<b>Fjáröflun</b>	25
<b>Málsvarastarf</b>	15	<b>Framlög til verkefna og reksturs</b>	26
<b>Verkefni á alþjóðavettvangi</b>	17	<b>Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk</b>	28
<b>Mannúðaraðstoð</b>	17	<b>Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar</b>	29
<i>Malaví</i>	18		
<i>Sýrland og Jórdanía</i>	19		
<i>Írak</i>	19		

# Inngangur

Á fyrstu átta mánuðum starfsársins 2019 - 2020 fóru verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar fram með hefðbundnum hætti og tóku með af áskorunum sem sem alþjóðasamfélagið stóð frammi fyrir. Þær voru annars vegar að takast á við fátækt, efnahagslega misskiptingu og afleiðingar loftslagsbreytinga sem bitna harðast á þeim sem fæstar bjargir hafa og hins vegar að bregðast við sárri þörf fólks á flótta undan átökum í heimabyggð.

Á Íslandi var vandi fólks sem leitaði til Hjálparstarfsins sem fyrr að stórum hluta rakinn til húsnæðiskostnaðar sem sligar efnahag fólk sem býr við fátækt. Sífelld fleiri útlendingar í félagslegum vanda leita til stofnunarinnar um efnislega aðstoð og virðast þeir margir illa upplýstir um réttindi sín og skyldur í íslensku samfélagi. Hjálparstarfið hélt áfram að vinna að bættum hag fólksins með efnislegri aðstoð, valdeflingarverkefnum og málsvarastarfi með fólkinu sjálfu.

Þann 9. janúar 2020 fagnaði stofnunin 50 ára starfsafmæli og hélt af því tilefni málþing um valdeflingu kvenna sem árangursríka leið til farsældar fyrir alla. Biskup Íslands, forsetafrú, háskólafrófeffur og þátttakendur í valdeflingarverkefni hér heima voru meðal frummælenda á málþinginu sem var vel sótt. Biskup Íslands hafði á afmælisári einnig frumkvæði að verkefni í þágu kvenna sem ekki eiga öruggt skjól yfir daginn. Verkefnið var undirbúið á starfsárinu en kemur til framkvæmdar á því næsta.

Kórónuveirufaraldurinn sem reið yfir landið og heimsbyggðina alla á vormánuðum 2020 hafði mikil áhrif á starfið innanlands og utan. Breyta þurfti verklagi til að laga þjónustuna að brýnni þörf án þess að stofna heilsu fólks í hættu. Efnisleg aðstoð var áfram veitt bæði í verkefnum á Íslandi og á alþjóðavísu en allt starf sem krafðist samveru var aðlagð að reglum stjórnvalda um samkomutakmarkanir. Loka þurfti fatamiðstöð tímabundið og valdeflingarverkefnum innanlands og utan var frestað á meðan fyrsta bylgja faraldursins reið yfir.

Þegar á reynir hefur íslenskt samfélag sýnt samhug í verki. Það eru blikur á lofti. Á árinu 2019 var um eitt prósent mannkyns eða um 79,5 milljónir manns á flótta undan átökum og nú á haustmánuðum ársins 2020 hafa heilsufars- og efnahagslegar afleiðingar kórónuveirufaraldursins aðeins að nokkru leyti komið fram en ljóst er að þær verða miklar á heimsvísu.

Örbirgð leiðir til átaka. Besta leiðin til að fyrirbyggja þau er að stuðla að bættum skilyrðum fólks sem býr við sára fátækt og vinna gegn félagslegri einangrun. Við verðum að bera virðingu fyrir mennskunni og auðsýna mannúð, sérstaklega fólkinu sem kemur til Íslands í leit að skjóli.

Á tímamótaári er ljóst að Hjálparstarf kirkjunnar hefur hlutverk sem aldrei fyrr.

*Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri*

## Verkefni innanlands

Á Íslandi veitir Hjálparstarf kirkjunnar fólki sem býr við fátækt aðstoð í neyðartilfellum ásamt því að beina fólki þangað sem það getur vænst aðstoðar sem stofnunin veitir ekki beint. Hjálparstarfið leggur ríka áherslu á að tryggja velferð barna og því er sérstaklega hlúð að barnafjölskyldum.

Starfið felst í því að greina vandann, veita félagslega ráðgjöf og efnislegan stuðning. Það felst einnig í valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að gripið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra til hins betra.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins starfa með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum.

Félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að sporna gegn fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að takast á við fátækt á árangursríkan hátt.

### Neyðaraðstoð vegna fátæktar

Meginmarkmið með aðstoð í neyðartilfellum er að grunnþörfum fólks sé mætt, að fjárhagslegir erfiðleikar ógni ekki heilsu þess og takmarki ekki möguleika barna og unglinga til að taka þátt í samfélaginu. Aðstoðinni er ætlað að svara skyndilegri neyð enda er það skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda þannig að það fái lífað mannsæmandi lífi til lengri tíma.

Fyrstu átta mánuði starfsársins var neyðaraðstoð veitt með hefðbundnum hætti en kórónuveirufaraldurinn og afleiðingar hans höfðu verulega áhrif á starfið frá miðjum marsmánuði. Þá reyndi á skjót viðbrögð um breytt verklag stofnunarinnar til þess að hún gæti áfram sinnt hlutverki sínu og veitt þjónustu þeim sem voru í brýnni þörf fyrir aðstoð án þess að stofna öryggi starfsfólks, sjálfbóðaliða og skjólstæðinga í hættu.

Vegna samkomutakmarkana sóttvarnarlæknis á vormánuðum var þjónustan í auknum mæli veitt símleiðis og með notkun umsóknareyðublaða á heimusíðu en samgangur var takmarkaður á skrifstofu. Um miðjan mars var ákveðið að loka fata-miðstöð tímabundið og í apríl var starfsmannahópnum skipt í tvennt og vann annar hópurinn heima við en hinn á skrifstofunni viku og viku í senn. Í maímánuði var starfsfólk aftur komið til starfa á skrifstofu en fatamiðstöð var lokað starfsárið á enda.

### Ráðgjöf

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar hafa sérstakan viðtalstíma og taka á mótí fólki sem leitar eftir efnislegri aðstoð á miðvikudögum klukkan 12 - 15.30. Í viðtölunum segir fólk frá aðstæðum sínum og hefur með sér gögn um tekjur og útgjöld síðasta mánaðar.

Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónustu eru lykilverkfæri félagsráðgjafanna sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða við og skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra. Auk þess að veita ráð og efnislega aðstoð benda félagsráðgjafarnir fólki á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins fundu strax í mars að fólk sem býr við efnislegan skort var kvíðið vegna kórónuveirufaraldursins og veittu því sálrænan stuðning í auknum mæli. Þá leituðu sífellt fleiri útlendingar sem ekki tala íslensku til Hjálparstarfs kirkjunnar þegar áhrifa heimsfaraldursins fór að gæta. Þrátt fyrir upplýsingagjöf stjórnvalda á ýmsum tungumálum virtust þær ekki ná til þeirra útlendinga sem leituðu til Hjálparstarfsins um aðstoð. Vanda sumra útlendinga sem til stofnunarinnar leituðu fólst í því að þeir höfðu lítil eða engin réttindi á íslenskum vinnumarkaði. Nemendur í framhaldsskólum og háskólum voru einnig sumir í þeirri stöðu að starfa án ráðningarsamnings og höfðu því ekki réttindi á vinnumarkaði.

### **Efnisleg aðstoð**

Efnisleg aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst í inneignarkortum fyrir matvöru, aðstoð við börn og unglunga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun sökum efnaleysis, aðstoð vegna kaupa á lyfjum og því að fólk getur sótt sér notaðan fatnað til stofnunarinnar án endurgjalds.

Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar liggur til grundvallar þegar ákvörðun um efnislegan stuðning er tekin. Umsækjendur eru beðnir um að mæta til viðtals með gögn um tekjur og útgjöld frá síðustu mánaðamótum og aðstoð er veitt þegar kaupmáttur ráðstöfunartekna er undir viðmiði um lágmarksfjárhæð til framfærslu.

Á starfsárinu 2019 - 2020 leituðu 2430 fjölskyldur, eða 6561 einstaklingur (miðað við 2,7 að meðaltali í fjölskyldu), efnislegrar aðstoðar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar í samtals 4787 skipti. Til samanburðar leitaði 2091 fjölskylda, samtals 5646 manns, aðstoðar starfsárið 2018 - 2019 en það var 18 fjölskyldum fleiri en á starfsárinu 2017 - 2018.

Aðstoðarbeiðnum fjölgaði til mikilla muna í mars og apríl eða um 58,4% miðað við sama tímabil á fyrra starfsári. Þá tvo mánuði aðstoðaði Hjálparstarf kirkjunnar þannig 564 einstaklinga og fjölskyldur sem búa við fátækt samanborið við 356 á sama tíma fyrra starfsárs.

### **Inneignarkort fyrir matvöru**

Neyðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort í matvöruverslunum en mikil valdefling felst í því að fólk versli sjálft þær nauðsynjar sem það þarf í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins ákveða upphæðina á inneignarkortinu og hversu oft umsækjandi fær inneign á kortið á ákveðnu tímabili. Ef umsækjandi hefur þórf

fyrir áframhaldandi aðstoð að tímabilinu liðnu býðst honum að koma aftur með uppfærð gögn. Á starfsárinu 2019 - 2020 fengu alls 1836 fjölskyldur inneignarkort fyrir matvöru.

Í venjulegu árferði er það svo að vegna takmarkaðs fjármagns er fullorðnum barnlausum einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum beint til annarra aðila sem aðstoða fólk um matarföng en þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum njóta barnlausir einstaklingar einnig aðstoðar með inneignarkortum í matvöruverslunum. Brugðið var út af þessu verklagi vegna kórónuveirufaraldurs og síðustu þrjá mánuði starfsárs var aðstoð í auknum mæli veitt einstaklingum í félagslegum vanda.

### Aðstoð við börn og unglunga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár leitað stuðnings hjá Hjálparstarfi kirkjunnar við að útbúa börnin í skólann. Flest sveitarfélög í landinu útvega nú skólagögn án endurgjalds og hefur aðstoð Hjálparstarfsins tekið breytingum samkvæmt því. Stuðningurinn á starfsárinu fólst í því að aðstoða barnafjölskyldur sem höfðu ekki efni á að kaupa skólatöskur, hlýjan vetrarfatnað, íþróttavörur og fleira sem til féll í upphafi skólaárs og yfir veturinn.

Á annað hundrað grunnskólabörn fengu skólatöskur, ritföng og nestisbox í upphafi skólaárs haustið 2019 og 42 börn og unglingar undir átján ára aldri fengu styrk á síðasta starfsári til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Tólf fjölskyldur með samtals 31 barn fóru í skipulagt sumarfrí með Hjálparstarfi kirkjunnar og Hjálpræðishernum á Íslandi í sumarbúðir Skáta við Úlfjótsvatn, 21 fjölskylda með samtals 45 börn fór í sumarfrí innanlands að eigin vali með stuðningi Hjálparstarfs kirkjunnar og 30 fjölskyldur fengu árskort í Fjölskyldu - og húsdýragarðinn. Auk þess hefur fjöldi barna og unglunga fengið leikhús- og bíómiða og inneignarkort á veitingastað.

*Framtíðarsjóður* er sérstakur sjóður Hjálparstarfs kirkjunnar sem notaður er til að styrkja sjálfráða ungmenni til náms er gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring stuttrar skólagöngu, lágra launa og fátæktar. Á starfsárinu nutu 49 ungmenni styrks til greiðslu skólagjalda og fyrir bóka- og efniskostnaði í 18 framhaldsskólum í níu sveitarfélögum. Meðalupphæð styrkja var 31.749 krónur.

### Aðstoð við lyfjakaup

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð með því að hafa milligöngu um lyfjakaup vegna slysa eða veikinda. Ekki er unnt að veita aðstoð eftir að lyf eru keypt og aðstoð er ekki veitt við kaup á lyfjum sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf. Á starfsárinu 2019 - 2020 nutu 313 einstaklingar um land allt aðstoðar við lyfjakaup í 576 skipti.

### Notaður fatnaður

Hjálparstarf kirkjunnar nýtur í síauknum mæli velvilja almennings sem gefur nýjan og notaðan fatnað, leikföng og húsbúnað en félagsráðgjafar Hjálparstarfsins hafa milli-göngu um að koma húsbúnaði og nytjavörum til þeirra sem eru í brýnni þörf.

Öflugur hópur sjálfbóðaliða aðstoðar fólk sem kemur til Hjálparstarfs kirkjunnar eftir notuðum fatnaði á þriðjudögum klukkan 9.30 – 12 og annar frækinn hópur sjálfbóðaliða mætir á miðvikudögum og tekur fatnað sem borist hefur upp úr pokum og töskum, flokkar hann og setur í hillur.

Sífelld fleiri einstaklingar í hælisleit og annað fólk sem er nýkomið til landsins leitar til Hjálparstarfsins eftir fatnaði en fólk fætt á Íslandi er í miklum minnihluta þeirra sem sækjast eftir þeirri þjónustu. Má leiða líkum að því að íslenskar fjölskyldur leiti frekar til stórfjölskyldu og vina um notaðan fatnað en að fólk sem hér er tímabundið eða nýsest að hafi ekki það tengslanet að leita til.

Á starfsárinu 2019 – 2020 sóttu 438 einstaklingar og fjölskyldur sér notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu. Flestar fjölskyldur komu oftár en einu sinni og flestir komu í desember, eða 307 einstaklingar og fjölskyldur. Eins og áður er getið var fatamiðstöð Hjálparstarfsins lokað um miðjan mars vegna kórónuveirufaraldurs og var hún ekki opnuð á ný fyrr en að starfsárinu liðnu.


### Jólaaðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar leggur ríka áherslu á að aðstoða fjölskyldufólk sem býr við kröpp kjör fyrir jólin svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk getur einnig sótt sér notaðan fatnað eða fær inneignarkort fyrir fatnaði, aðgöngumiða í leikhús og / eða bíó og inneignarkort hjá vinsælum veitingastöðum meðal barna og unglinga. Þá fá foreldrar efnislega aðstoð svo börnin geti fengið jólagjafir sem þau hafa sett á óskalistann.


Alls nutu 1647 fjölskyldur eða 4447 einstaklingar (miðað við 2,7 í fjölskyldu) um land allt aðstoðar fyrir síðustu jóla samanborið við 1274 fjölskyldur eða 3440 einstaklinga á fyrra starfsári. Aðstoðin var veitt í góðu samstarfi Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík, og við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir og Rauða krossinn á Eyjafjarðarsvæðinu og í Árnessýslu. Eins og fyrr gat fólk einnig leitað til presta og djákna um land allt.




## Fjöldi umsækjenda um efnislega aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og fjöldi skipta sem aðstoð var veitt, þróun 2015-2020




## Efnisleg aðstoð sem veitt var starfsárið 2019-2020




## Kyn umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2019-2020




## Aldur umsækjenda um efnislega aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar starfsárið 2019-2020



## Heimilisfang umsækjenda um efnislega aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar starfsárið 2019-2020



## Þjóðerni umsækjenda starfsárið 2019-2020



## Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð

Með valdeflingarverkefnum er markmið Hjálparstarfs kirkjunnar að aðstoða fólk við að finna styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglunga svo þau öðlist sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

**Virkni til farsældar - Statu með sjálfri þér** er heiti á verkefni fyrir konur sem búa við örorku, hafa börn á framfæri og hafa verið fastar í vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar til lengri tíma. Verkefnið var fyrst skipulagt til tveggja ára árið 2016 en í febrúar 2018 fór verkefnið af stað aftur fyrir nýjan hóp kvenna og lauk því verkefni í maí 2020. Þriðja verkefnið var svo í undirbúningi undir lok starfsárs og hófst það í september 2020. Markmið verkefnisins 2018 - 2020 voru meðal annars að konurnar fengju aukna trú á eigin getu og betri sjálfsmynd, að þær fengju tækifæri til að styrkja tengslanet sitt og eflast í foreldrahlutverkinu.

Verkefnið fór þannig fram að á hverjum fimmtudegi hittist hópurinn og félagsráðgjafi Hjálparstarfsins og unnu að ýmsum valdeflandi verkefnum. Sérfræðingar um ýmis málefni sem brunnu á konunum héldu erindi og unnu með þeim í afmörkuðum námskeiðum á verkefnistímanum. Þá var farið í dagsferðir þar sem konurnar fengu tækifæri til að kynnst betur og njóta líðandi stundar.

Alls tóku 12 konur virkan þátt í verkefninu allan tímann og í lok þess lýstu þær mikilli ánægju með þátttöku í því. Þær sögðust hafa aukna trú á eigin getu og höfðu eftt tengslanet sitt til muna. Þær sögðust mun virkari en í upphafi verkefnis og njóta víðtækari stuðnings og þá sérstaklega hver af annarri. Verkefnið hefur verið framkvæmt með styrkveitingu frá félagsmálaráðuneytinu.

**Taupokar með tilgang** er verkefni fyrir konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda sem nýtur sífellt meiri vinsælda. Verkefnið hefur verið á dagskrá í hverri viku yfir vetrartímann undir leiðsögn félagsráðgjafa Hjálparstarfsins og fulltrúa Hjálpræðishersins í Reykjavík og sjálfboðaliða. Konurnar endurvinnu efni sem almenningur hefur gefið með því að sauma úr því fjölnota innkaupatöskur, grænmetisþoka, dúka, skiptiteppi fyrir börn o.fl. Í lok saumavinnunnar borða konurnar svo saman hádegismat og kynnst betur en þær koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn.

Verkefnið stuðlar að virkni og félagsskap kvennanna sem í því taka þátt, minni plastnotkun og endurnýtingu efnis. Upphaflega var verkefnið á mánudögum en vegna mikillar eftirspurnar var ákveðið að skipta hópnum í tvennt. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hefur umsjón með mánudagshópnum en Hjálpræðisherinn í Reykjavík sér um samveruna á fimmtudögum.

**Sumarbúðir fyrir fjölskyldur við Úlfjótssvatn** - Sjöunda sumarið í röð skipulögðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn á Íslandi *Sumarfrí fyrir fjölskyldur í sumar-búðum skáta við Úlfjótssvatn*. Tólf fjölskyldur með 31 barn komu með í fríið frá 9. - 12. júní 2020 en markmiðið var sem fyrr að stuðla að jákvæðri upplifun fyrir börn og foreldra sem búa við efnislegan skort og hafa alla jafna ekki tök á að fara saman í frí. Meðal skipulagðra dagskrárliða voru klifur, sund, bátaferðir, bogfimi og kvöldvökur.

**Sumarfrí innanlands að eigin vali** - Í sumarbyrjun 2020 þegar landsmenn fóru að nýta sér *Ferðagjöf* stjórnvalda í stórum stíl ákvað Hjálparstarf kirkjunnar að brydda upp á þeirri nýjung að bjóða fjölskyldum sem búa við kröpp kjör að fara í sumarleyfi innanlands að eigin vali með stuðningi Hjálparstarfsins. Alls tók 21 fjölskylda með 45 börn þátt í verkefninu sem gaf góða raun.

Mikil valdefling felst í verkefninu þar sem börnin fá tækifæri til að upplifa jákvæða orku með mömmu og pabba og kynnast sjálfum sér og fjölskyldunni betur í nýjum aðstæðum. Einnig er valdeflandi fyrir börnin að geta tekið þátt í umræðum með skólasystkinum í upphafi skólaárs um ævintýri sumarsins en þegar fólk býr við fátækt er því hættara við félagslegri útilokun.

Fjölskyldurnar sem fóru í sumarfrí með stuðningi Hjálparstarfsins lýstu mikilli ánægju með verkefnið. Þær fóru vítt um landið, í hvalaskoðun, á hestbak og gerðu ýmislegt sem þær hefðu ekki getað leyft sér án stuðnings.

**Ræktaðu garðinn þinn** - Hjálparstarfið skipulagði matjurtarækt í Seljagarði í Breiðholti í samstarfi við Hjálpræðisherinn í Reykjavík í fyrsta sinn árið 2015 en þátttaka í verkefninu var dræm sumarið 2020. Gildi verkefnisins felst ekki síst í útveru, hreyfingu og gæðasamverustundum fjölskyldnanna sem í því taka þátt. Garðyrkjufræðingur leiðbeindi þátttakendum en í Seljagarði er frábær aðstaða og gott samfélag. Þar er hægt að rækta salat, kryddjurtir, kartöflur, gulrætur og fleira. Nokkrar fjölskyldur voru skráðar til þátttöku en fáar tóku þó þátt.

**Borðum saman** er samstarfsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og samfélags Ahmadiyya-múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið er að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö miðvikudagskvöld í mánuði.

# Fræðsla og málsvarastarf

## Fræðsla

### *Fréttablaðið Margt smátt... og rafrænt fréttabréf til Hjálparliða*

Fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar var sent til um 4000 aðila í tímaritsformi í október 2019, en kom út sem fylgiblað með *Fréttablaðinu* í upphafi aðventu 2019 og aftur í upphafi dymbilviku 2020 en í bæði skiptin hófust einnig sérstök söfnunaráttök með valgreiðslum í heimabanka fólks á aldrinum 30 – 80 ára. Fyrirtæki, stofnanir og samtök styrkja starfið með því að kaupa auglýsingar og styrktarlínur í Mörgu smáu... en þar segjum við frá starfinu og hvetjum lesendur til að leggja starfinu lið meðal annars með því að greiða valgreiðslur.

Ákveðið var að gefa blaðið ekki út í tímaritsformi í júní og október 2020 en dreifa því heldur með *Fréttablaðinu* í upphafi söfnunaráttaksins *Ekkert barn útundan* í ágúst 2020. Blaðið var því gefið út þrisvar á starfsárinu en ekki í fjögur skipti eins og áður.

Við leggjum áherslu á að *Hjálparliðar*, sem styrkja starfið með reglulegu framlagi, fái fréttir af starfinu og sjái þannig hversu mikilvægur stuðningur þeirra er. Við sendum því rafrænt fréttabréf til þessa mikilvæga hóps á tveggja mánaða fresti með nýjustu fréttum af starfinu.

### *Heimasíða og samfélagsmiðlar*

Á starfsárinu varð heimasíðan, [www.hjalparstarfkirkjunnar.is](http://www.hjalparstarfkirkjunnar.is), virkari fjáröflunarsíða en áður. Á forsíðu gefst áhugasömum nú tækifæri til að skrá sig sem Hjálparliða og styrkja starfið með reglulegum hætti en þar er einnig boðið upp á ýmsar aðrar leiðir til að leggja starfinu lið. Á facebook og Instagram segjum við frá verkefnum, viðburðum og ýmsu sem tengist starfinu og hvetjum fólk jafnframt til að leggja starfinu lið. Undir lok starfsárs höfðu 5000 manns lækað facebooksíðu Hjálparstarfsins og aukin umferð mældist frá facebooksíðunni að heimasíðunni.

### *Fræðsla fyrir fermingarbörn og fleiri*

Fræðslufulltrúi fræddi börn í fermingarfræðslu um þróunarsamvinnuverkefni í Eþíópíu og Úganda vítt um landið í ágúst og október ásamt því að fjalla um starfið við eldri borgara í nokkrum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu.

### *Rödd í hefðbundnum fjömiðlum*

Fjölmíðlar sögðu fréttir af starfinu innanlands í upphafi skólaárs 2019 og þegar líða tók að jólum undir lok nóvember og í desember. Í dálknum *Heimsljós* á [visi.is](http://visi.is) voru birtar fréttir af þróunarsamvinnuverkefnum og greint var frá stuðningi stjórnvalda við starfið á alþjóðavettvangi.

Í byrjun mars hvatti Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi stjórnvöld til að taka fátækt fastari tókum í viðtali við Spegilinn, fréttaskýringapátt á RÚV og hún varð aftur fyrir

svörum þegar RÚV leitaði viðbragða Hjálparstarfs kirkjunnar við kórónuveirufaraldrinum og afleiðingum hans á fólkið sem til stofnunarinnar leitar í byrjun apríl. RÚV fjallaði svo enn um starfið innanlands í fréttum í byrjun maí í tilefni af auknum fjölda umsókna um aðstoð í kjölfar fyrstu bylgju faraldursins. Fleiri fjölmiðlar tóku málið upp og var Hjálparstarfið áberandi í fjölmiðlum á vormánuðum.

## Málsvarastarf

Hjálparstarfið telur brýnt að fólk sem býr við fátækt tali fyrir sig sjálft og taki þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar. Þjónusta við fólk í félagslegri neyð á að vera notendastýrð og fólk á að geta lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri.

### *EAPN og Pepp á Íslandi, samtök fólks í fátækt*

EAPN á Íslandi eru regnhlífasamtök þeirra félaga sem vinna að farsæld fyrir alla á Íslandi. Samtökin eiga aðild að evrópska tengslanetinu EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990. Níu aðildarfélög standa að EAPN á Íslandi og eiga þau öll sammerkt að hafa sem hluta af sínum markmiðum að vinna að bættum hag þeirra sem búa við fátækt. Þau eru Félag einstæðra foreldra, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleiksþjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg, Hagsmunasamtök heimilanna og Öryrkjabandalag Íslands. Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar er formaður EAPN á Íslandi.

Lykilþáttur í starfsemi EAPN á Íslandi er virk þátttaka Pepp á Íslandi (PeP: *People experiencing Poverty*) sem samanstendur af öflugum hópi einstaklinga sem hafa sjálfir upplifað fátækt og félagslega einangrun. Pepp hefur aðstöðu í Mjódd í Breiðholti og heldur úti heimasíðunni [eapn.is](http://eapn.is) og facebooksíðum EAPN og Pepp Ísland - grasrót fólks í fátækt.

Á alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt þann 17. október 2019 skipulagði EAPN í samvinnu við Velferðarvaktina morgunverðarfund á Grand Hotel um tengsl fátækta og matarsóunar undir yfirskriftinni *Best fyrir?* Rakel Garðarsdóttir aðgerðarsinni og stofnandi samtakanna *Vakandi* og Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir markaðsstjóri Krónunnar voru meðal frummælenda ásamt Kristínu Ólafsdóttur fræðslufulltrúa Hjálparstarfsins sem sagði frá *WeFood* – verslun Hjálparstarfs dönsku þjóðkirkjunnar með mat og fleira sem stofnunin fær gefins frá framleiðendum og selur mjög lágu verði við miklar vinsældir í Danmörku.

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfsins tók þátt í viðburði Háskóla Íslands sem fjallaði um fyrsta heimsmarkmiðið *Engin fátækt* þann 19. nóvember 2019. Aðrir frummælendur voru Sigrún Ólafsdóttir, prófessor við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent við deild menntunar og margbreytileika og Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri.

### *Málþing í tilefni fimmtíu ára starfsafmælis Hjálparstarfs kirkjunnar*

Hjálparstarf kirkjunnar fagnaði fimmtíu ára starfsafmæli á starfsárinu en það var á prestastefnu sumarið 1969 sem prestar landsins hvöttu þjóðkirkjuna til að koma á legg hjálparstofnun á hennar vegum. Á fundi sínum þann 9. janúar 1970 ákvað kirkjuráð svo formlega að stofna Hjálparstofnun kirkjunnar en nafninu var breytt í núverandi heiti á starfsárinu 1997-1998.

Í tilefni starfsafmælisins var haldið málþing á Grand hótél þann 9. janúar 2020 undir yfirskriftinni *Valdefling kvenna - frasi eða framfarir?* Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, flutti ávarp og Eliza Reid, forsetafrú og Magnús Árni Skjöld Magnússon, forseti félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Bifröst, fluttu erindi. Starfsfólk Hjálparstarfsins, þau Vilborg Oddsdóttir og Sædís Arnardóttir félagsráðgjafar og Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri, fjölluðu um valdeflingarverkefni stofnunarinnar á Íslandi og í Eþíópíu og Úganda og þátttakendur í verkefnum innanlands sögðu frá upplifun sinni af þeim. Um 100 manns mættu á málþingið þrátt fyrir slæmt veður en viðburðinum var einnig streymt beint í gegnum facebook.



## Verkefni á alþjóðavettvangi

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að og starfar með Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, og Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, sem samhæfir aðgerðir með hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna og starfar eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Styrkur Hjálparstarfs kirkjunnar í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur þannig í samvinnunni við hjálparstofnanir sem eru kunnugar staðháttum á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar og þær eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar og sjálfbærni.

Starfið felst í efnislegri aðstoð við fólk í neyð, valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo stjórnvöld taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að grípið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra til hins betra.

Verkefni eru valin óháð þjóðerni, litarhætti, kyni, kynhneigð, trúar-, lífs- og stjórnmálaskoðun þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Þau eru á hverjum tíma valin eftir því sem efnahagur stofnunarinnar leyfir, hjálparbeiðnum sem berast og mati stjórnar og samstarfsaðila á því hvar og hvernig hjálpin skilar bestum árangri. Verkefnin miða alltaf að því að hjálpa þeim sem höllustum fæti standa í þeim samfélögum sem starfað er með.

Hluti af starfinu felst í fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags og stjórnvalda eða annarra sem bera ábyrgð á velferð fólks. Hjálparstarfið virkjar fólkið sjálft eins og mögulegt er í öllum verkefnum og leitast er við að byggja upp þekkingu og færni samfélaga svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf.

Starfið á alþjóðavettvangi tók breytingum þegar heimsfaraldurinn af völdum COVID-19 fór á fullt skrið á vormánuðum 2020. Starfið var aðlagð að nýjum veruleika eins og hægt var en reglur um fjarlægðarmörk torvelduðu valdeflandi þætti verkefna sem öllu jafna fara fram með námskeiðum í nærumhverfi. Ekki varð heldur af fyrirhuguðum vettvangsferðum framkvæmdastjóra og fræðslufulltrúa á verkefnasvæði á vormánuðum 2020 vegna reglna um sóttkví og ferðatakmarkanir.

### Mannúðaraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samvinnu við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF / DWS og systurstofnanir í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Bæði samtökin samhæfa mannúðaraðstoð með hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna og starfa eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

ACT Alliance er samstarfsnet 135 kirkjutengdra hjálparstofnana sem starfa í yfir 120 ríkjum og Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF / DWS, starfar í umboði 148 kirkjustofnana að mannúðarverkefnum í 25 þjóðríkjum víðs vegar um heiminn.

Mannúðaraðstoð er veitt fórnarlömbum vopnaðra átaka og náttúruhamfara, bæði í kjölfar þeirra sem valda skyndilegri neyð svo sem eldgos og jarðskjálftar, og þeirra sem valda langvarandi neyð fólks, svo sem síendurteknir þurrkar og flóð sem meðal annars má rekja til hamfarahlýnunar jarðar af mannavöldum.

Markmið með mannúðaraðstoð eru að bjarga mannlífum, vernda óbreytta borgara gegn vopnuðum átökum, útvega nauðþurftir og auðvelda fólki afturhvarf til eðlilegra lífshátta. Leitast er við að veita aðstoðina þannig að samfélög sem hafa laskast geti sem allra fyrst staðið á eigin fótum, hafi byggt upp innviði og eflt viðnámsþrótt sinn gegn hamförum.

Á starfsárinu 2020 – 2019 sendi Hjálparstarf kirkjunnar um 39 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Malaví, Jórdaníu, Sírlandi og Írak. Utanríkisráðuneytið og Hjálparliðar, öflugur hópur fólks sem styrkir starfið með reglulegum hætti, standa að baki framlögnum.

### Malaví

Í nóvember sendi Hjálparstarf kirkjunnar um 7,4 milljónir króna til Malaví þar sem evangelíska-lútherska kirkjan (ELDS) hefur aðstoðað þúsundir íbúa sem hafa átt um sárt að binda eftir að fellibylurinn Idai reið yfir landið í mars 2019.

Fimmtíu og sex fórust í Malaví og um 83 þúsund íbúar misstu heimili sín þegar fellibylurinn fór þar um. Að mati Samhæfingarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (OCHA) hafði fellibylurinn neikvæð áhrif á lífsafkomu rúmlega 930 þúsund íbúa í landinu.

ELDS er meðal fjölda hjálparstofnana sem veittu neyðaraðstoð á vettvangi hamfaranna frá fyrstu stundu en verkefnið sem Hjálparstarf kirkjunnar tekur þátt í lýkur í september 2020. ELDS setti sér það markmið í upphafi að aðstoða þá 8.800 íbúa í héruðunum Phalombe og Chikwawa sem verst urðu úti með því að útvega þeim næringarríka fæðu og tryggja þeim aðgengi að drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að börn yngri en fimm ára fái næga næringu og að íbúarnir njóti sálfélagslegs stuðnings til að takast á við streitu í kjölfar hamfaranna. Þá hefur verið unnið að því að styrkja viðbragðsgetu samfélagsins við hamförum og bændur hafa fengið aðstoð við að koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað.

Fjármögnun verkefnisins gekk hægar en vonast var til í upphafi og hafði það áhrif á framgang þess. Á fyrstu mánuðum þess tókst þannig að útvega 50% markhópsins, 4.400 íbúum, næringarríka fæðupakka sem samanstanda af maís, baunum og matarolíu, og 400 börn yngri en fimm ára, 92% markhópsins, fengu sérstaka næringarpakka.

Betur gekk að tryggja aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu en 98% markhópsins fengu strax á fyrstu mánuðum eftir hamfarirnar hreinsitöflur, áhöld og fræðslu um mikilvægi hreinlætis. Viðgerð var lokið á brunnnum og vatnsdælustöðvum og bændur höfðu fengið korn og verkfæri til ræktunar undir lok árs 2019.

Einn mikilvægasti þátturinn í verkefninu er samvinnan við fólkið á staðnum og sveitarstjórnir um að efla viðbragðsgetu þegar náttúruhamfarir verða. Fimmtíu almannavarnafulltrúar fengu fræðslu og þjálfun í gerð viðbragðsáætlana og handbók á máli heimamanna var gefin út um varnir og viðbrögð við náttúruvá.

### *Sýrland og Jórdanía*

Milljónir íbúa hafa neyðst til að flýja heimili sín vegna stríðsins sem hefur geisað í Sýrlandi frá árinu 2011. Neyðin er mikil og brýnt að koma fólkinu til hjálpar. Hjálparstarf kirkjunnar, með styrk frá utanríkisráðuneytinu, hefur lagt sitt af mörkum frá árinu 2014 og sent samtals um 108 milljóna króna framlag til mannúðaraðstoðar við fólk á vergangi innan Sýrlands sem og við stríðshrjáða Sýrlendinga sem hafast að í flóttamannabúðum í nágrennaríkjum, þar á meðal í Jórdaníu.

Rúmlega tuttugu og ein milljón króna var send til mannúðaraðstoðar vegna átakanna í Sýrlandi í maí 2020 en þá var áætlað að tæplega tólf milljónir manns þyrftu á aðstoð að halda, þar af rúmlega sex milljónir á vergangi innan Sýrlands en um fimm milljónir flóttamanna frá Sýrlandi þyrftu á aðstoð að halda í nágrennalöndunum Tyrklandi, Líbanon og Jórdaníu.

Fjárframlagið fór til verkefna Lútherska heimssambandsins í Sýrlandi og Jórdaníu sem ná samtals til rúmlega 2.300 einstaklinga. Langflestir þeirra lifa undir fátæktarmörkum og eiga í erfiðleikum með að mæta brýnustu þörfum fyrir mat og skjól. Þá er mikil þörf fyrir menntun, starfsþjálfun og úrræði til að auka tekjumöguleika fjölskyldna.

### *Írak*

Í Írak ríkir enn neyðarástand vegna átaka innanlands. Í maí 2020 sendi Hjálparstarf kirkjunnar rúmlega 10,5 milljóna króna fjárframlag til mannúðaraðstoðar Lútherska heimssambandsins við fleiri en 22 þúsund einstaklinga þar sem að stórum hluta er fólk á vergangi en líka fólk sem hefur snúið heim eftir að hafa flosnað upp og þarf stuðning til að koma undir sig fótunum aftur.

Verkefnið snýst meðal annars um að hjálpa til við endurbætur á húsnæði, gera við brunna, kamra og aðra hreinlætisaðstöðu. Einnig felst í verkefninu ýmiss konar fræðsla um hreinlæti, kynbundið ofbeldi, jafnrétti og mannréttindi, að ógleymdum námskeiðum sem tengjast því að fjölga tekjumöguleikum.

## Þróunarsamvinna

Í þróunarsamvinnu starfar Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnum hjálparsamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, í þágu fólks í einna fátæku-stu samfélögum heims.

Meginmarkmið eru að fólk sem býr við sára fátækt geti séð sér farborða á sjálfbæran hátt en sérstök áhersla er lögð á að tryggja velferð barna. Verndun umhverfisins og valdefling, og þá kvenna sérstaklega, eru áherslupættir í verkefnum sem unnin eru í samvinnu við fólk sjálft á hverjum stað. Samstarfsaðilar Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu þekkja vandann af eigin raun, menninguna og tungumál á hverjum stað. Þeir eru á staðnum eftir að verkefnum lýkur og geta metið árangur þeirra.

Á starfsárinu 2019 – 2020 varði Hjálparstarf kirkjunnar 85,7 milljónum króna til þróunarsamvinnu í Eþíópíu, á Indlandi og í Úganda. Utanríkisráðuneytið veitti styrki til verkefnanna í Eþíópíu og Úganda samkvæmt verklagsreglum um styrki til verkefna borgarasamtaka í þróunarsamvinnu.

### Eþíópía

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátæku fólki í Sómalífylki í Eþíópíu. Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu, að fólk geti aukið fæðuöryggi sitt með umhverfisvernd og bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið í Eþíópíu með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu frá árinu 2007 eða í 13 ár.

Brunnar hafa verið grafnir og þar sem það hefur ekki verið mögulegt hafa verið grafnar vatnsþrær (birkur) fyrir regnvatn. Stíflur og veggir í árfarvegum hafa verið reist til að halda regnvatni í farvegi og hefta eyðimerkurmyndun, nýjar og þurrkþolnari korntegundir hafa verið kynntar til sögunnar sem og skilvirkari ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé.

Konur hafa tekið þátt í sparnaðar- og lánahópum og fengið fræðslu um hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hafa margar kvinnanna hafið rekstur og reka litla búð, stunda geita- og hænsnarækt og rækta grænmeti. Konur sem hafa tekið þátt í verkefninu tala um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt á verkefnasvæðunum áður en samvinnan hófst.

Á 10 árum náði aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar beint og óbeint til fleiri en 130.000 einstaklinga í Jijigahéraði og breytti lífi þeirra til hins betra. Í lok árs 2017 lauk aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar í héraðinu enda var sjálfbærni ein megin stoðin í verkefninu þar.

Í upphafi árs 2018 hóf Hjálparstarf kirkjunnar samstarfsverkefni í nágrennahéraðinu Kebri Beyah sem er austur af Jijiga. Núverandi verkefni líkur í lok árs 2020 og

nam kostnaður við það um 43,9 milljónum króna á starfsárinu. Markhópurinn í Kebri Beyah eru 2.987 fjölskyldur í 5 þorpskjörnum eða *kebele*. Sem fyrr eru meginmarkmið þríþætt; að auka aðgengi fólksins að vatni og hreinlætisaðstöðu; að það geti bætt fæðuöryggi sitt með skilvirkum aðferðum í landbúnaði og umhverfisvernd; að efla fjárhagsleg og félagsleg völd og áhrif kvenna á svæðinu samfélaginu öllu til hagsbóta.

Í yfirliti Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins yfir framgang verkefnisins fyrir árið 2019 kemur fram að það var 88% á áætlun. Ástæða fyrir því að 12% verkþátta voru ekki framkvæmd innan gefins tímaramma voru tafir á framkvæmdum við gerð vatnsþróa (birkugerð) vegna stefnu stjórnvalda en á fyrri hluta árs 2020 var búið að grafa fyrir öllum fjórum vatnþróum sem voru á áætlun fyrir verkefnið í heild og vonast er til að hægt verði að hlaða þær upp og múrhúða á seinni hluta ársins. Í yfirliti yfir framgang verkefnisins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2020 kemur hins vegar fram að aðeins tókst að framkvæma 26% af fyrirhuguðum verkefnisþáttum á þeim tíma.

Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins útskýrir að heimsfaraldurinn af völdum COVID-19 hafi hamlað framgangi verkefnisins þar sem ekki var hægt að halda námskeið og framkvæma verkþætti sem kröfðust samveru fólks. Starfsfólk var sent heim í upphafi faraldurins í Eþíópíu en var mætt aftur til vinnu undir lok starfsárs 2019- 2020. Vinnu við verkþætti sem ekki tókst að klára á fyrri hluta ársins 2020 verður bætt við áætlun um framgang verkefnisins á seinni hluta ársins og eru samstarfsaðilar bjartsýnir á að þeim takist að vinna að framgangi allra verkþátta sem voru á áætlun ársins 2020 fyrir desemberlok.

### **Indland**

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India eða UCCI, hefur starfað í Andhra Pradeshfylki í austurhluta Indlands frá árinu 1968. Frá stofnun hefur UCCI hjálpað fjölskyldum sem tilheyra hópi stéttleysingja í fylkinu og búa við örbirgð. UCCI rekur þar skóla, heimavist og spítala ásamt því að gefa fólkinu mat.

Frá árinu 1989 hafa Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar stutt starf UCCI með því að greiða kostnað við skóla- og heimavist fyrir börn ásamt því að senda stök framlög til viðhalds bygginga og til starfsemi spítalans. Starfsárið 2019 - 2020 styrktu Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar 173 börn og unglunga til náms en auk þess greiddi Hjálparstarfið laun átta kennara við skólann. Alls nam fjárstuðningur við verkefnið um 8,6 milljónum króna á starfsárinu.

Eftir langt og farsælt samstarf við UCCI dregur Hjálparstarf kirkjunnar nú úr stuðningi við verkefnið og mun samstarfi ljúka í lok starfsárs 2021 - 2022.

### **Úganda - Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis**

Frá árinu 2001 hefur Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðað HIVsmitaða, alnæmissjúka, aðstandendur þeirra og eftirlifendur upp til sveita í Úganda. Frá árinu 2016 hefur að-

stoðin verið veitt í sveitarfélögunum Rakai og Lyantonde í samstarfi við grasrótarsamtökin Rakai Community Based AIDS Organization, RACOBABO, sem sprottin eru upp úr hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins á svæðinu.

Uppbygging staðbundinna hjálparsamtaka eins og RACOBABO er talin ein helsta stoð virkrar þróunarsamvinnu og hlaut Hjálparstarf kirkjunnar lof fyrir samvinnu við samtökin í úttektarskýrslu sænska ráðgjafafyrirtækisins NIRAS fyrir utanríkisráðuneytið árið 2017.

Samkvæmt upplýsingasíðunni avert.org um alnæmi í Afríku er talið að um 23.000 manns hafi látist af völdum sjúkdómsins í Úganda á árinu 2018. Algengi HIV/alnæmis á landsvísu var þá 5,7% en í sveitahéruðunum Rakai og Lyantonde er algengi sjúkdómsins hins vegar töluvert meira eða um 12%. Skjólstæðingar verkefnis Hjálparstarfsins þar eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína af völdum alnæmis og búa ein en líka HIVsmitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt. Á þremur árum, frá 2018 - 2020, njóta þær 24 fjölskyldur sem búa erfiðustu aðstæðurnar sérstaks stuðnings en nágrannar þeirra njóta einnig stuðnings með beinum og óbeinum hætti.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins sem býr við nístandi skort með því að reisa múrsteinshús sem eru útbúin grunnhúsbúnaði og eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti. Reistir eru kamrar við hlið húsanna, fólkið fær fræðslu um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgengi fólksins að hreinu vatni er aukið með því að koma upp 4000 lítra vatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna. Þegar börnin þurfa ekki að fara eftir vatni um langan veg hafa þau tíma til að sækja skólann. Hættan á kynferðislegri misnotkun minnkar einnig þegar stúlkur þurfa ekki að fara fjarri heimilinu eftir vatni í morgunsárið.

Fólkið fær geitur, verkfæri, fræ og útsæði til grænmetisræktunar, allt í þeim tilgangi að auka fæðuval og möguleika fjölskyldnanna til að afla sér tekna. Með fjölbreyttari fæðu verður heilsa fjölskyldnanna betri og með tekjum aukast líkur á að börnin geti sótt skóla og fengið menntun. Með aukinni menntun minnka líkur á að stúlkur verði gefnar barnungar í hjónaband og eignist börn á unglingsaldri. Með stuðningi er vítahringur fátæktar rofinn.

Á starfsárinu 2019-2020 sendi Hjálparstarf kirkjunnar 21,5 milljóna króna framlag til verkefnisins en á tímabilinu tókst að framfylgja verkefnisáætlun að því leyttinu til að lokið var við að reisa átta múrsteinshús, eldaskála, kamar og vatnstank við hlið húsanna. Fjölskyldurnar fengu einnig geitur, verkfæri og útsæði til ræktunar. Efnisleg aðstoð var því veitt samkvæmt verkefnisáætlun. Kórónuveirufaraldurinn hafði hins vegar þau áhrif á seinni hluta starfsársins að ekki var hægt að halda úti fræðslunám-skeiðum með þeim fjölda þátttakenda sem verkefnið átti að ná til. Samkvæmt skýrslu RACOBABO um framkvæmd verkefnisins fyrstu sex mánuði ársins 2020 tókst að ljúka við 68% af þeim verkþáttum sem ljúka átti á tímabilinu en áætlun hélst fyrir verkefnið á árinu 2019.

Í skýrslu RACOBABO kemur fram að ofbeldi á svæðinu hafi aukist í heimsfaraldri og að konur og stúlkur séu sérstaklega útsettar fyrir illri meðferð. Ofbeldið er rakið til

aukinnar fátæktar þar sem bændur hafi ekki haft möguleika á að selja afurðir á markaði vegna strangra samkomutakmarkana stjórnvalda. Starfsfólk RACOBABO hóf að vinna heiman að eins og mögulegt var þegar stjórnvöld settu reglur um samkomutakmarkanir og um tíma hægði á framgangi verkefnisins.

### **Úganda - Unglingar í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri til betra lífs**

Í Úganda búa um 46 milljónir íbúa. Nær helmingur þeirra er yngri en 15 ára. Þrátt fyrir að langflestir búi í sveitum landsins og lífi af landbúnaði flykkist fólk í síauknum mæli til höfuðborgarinnar í leit að betra lífi. Þar bíður flestra hins vegar eymdarlíf í fátækrahverfum en 40% íbúa Kampala búa við sára fátækt.

Atvinnutækifæri í Kampala eru fá og mörg ungmenni skortir menntun og þjálfun til að eiga möguleika á að sækja um störf eða reyna fyrir sér með eigin rekstur. Börn og unglíngar í fátækrahverfunum eru því útsett fyrir misnotkun sökum fátæktar og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð. Neyðin rekur unglíngana til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

Valdeflingarverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem hófst í janúar 2017 er í þágu barna og ungmenna á aldrinum 13 - 24 ára í fátækrahverfum Rubage-, Nakawa- og Makindyeahverfum í höfuðborginni Kampala. Fyrsta fasa verkefnisins lauk í árslok 2019 en á þremur árum hafði það náð til fleiri en 1500 barna og ungmenna.

Á starfsárinu 2019-2020 sendi Hjálparstarf kirkjunnar 12,7 milljón króna framlag til nýs verkefnisfasa sem hófst í byrjun árs 2020 og lýkur í árslok 2023. Á fjórum árum mun verkefnið ná til 2000 barna og ungmenna til viðbótar.

Markmið með verkefni Hjálparstarfsins er að unga fólkið öðlist verkkunnáttu sem eykur atvinnumöguleika þess. Einnig að unglíngarnir taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmýndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Með fræðslu og valdeflingu má koma í veg fyrir að barnungar stúlkur verði þungaðar, hefta útbreiðslu HIV/alnæmis og kynsjúkdóma ásamt því að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Í verkefninu er sérstök áhersla lögð á að ná til stúlkna, ungra kvenna og einstaklinga með fötlun.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins í Úganda og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) sem hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. UYDEL er einnig leiðandi í málsvarastarfi fyrir börn og unglíngana á landsvísu og ýta á aðgerðir gegn mansali og barnaþrælkun í álfunni og á heimsvísu.

Í smiðjum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega færni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugetu. Einnig eru á dagskrá dans, leik- og sönglist og íþróttir. Í smiðjunum er jafningjafræðsla veitt um kynheilbrigði og um rétt ungs fólks til heilbrigðisþjónustu. Samhliða fræðslunni fá unglíngarnir smokka. Mikið er lagt upp úr

því að styrkja sjálfsmynd unglिंगanna sem koma úr ömurlegum aðstæðum í fátækrahverfunum.

UYDEL aðstoðar unglिंगana sem koma í smiðjurnar við að komast á starfsnema-samning hjá fyrirtækjum í Kampala og í framhaldinu að fá þar vinnu. Einn þáttur í náminu hjá UYDEL er verslunarfræði en mörg þeirra sem ekki fá starf hjá fyrirtæki eftir námið opna eigin búðarbás og selja til dæmis flíkur sem þau hafa saumað eða viðgerðarþjónustu.

Samkvæmt lokaskýrslu UYDEL um fyrsta verkefnisfasann höfðu 86% unga fólksins sem sótti smiðjurnar árin 2017 - 2019 lært iðn þannig að hún nýttist þeim við að finna starf sér til lífsviðurværis og 60% þeirra höfðu hærra laun en áður og áttu auðveldara með að sjá sér farborða. Samkvæmt skýrslunni hafði fræðsla um kynheilbrigði líka jákvæð áhrif og meirihluti unga fólksins sem sótti smiðjurnar notaði getnaðarvarnir í framhaldinu og var meðvitaður um rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Í skýrslu UYDEL um starfið fyrstu sex mánuði ársins 2020 segir að þrátt fyrir áskoranir við að halda starfinu áfram í skugga heimsfaraldursins af völdum COVID-19 hafi samtökunum tekist að ná til unga fólksins sem hafi haldið áfram að koma í smiðjurnar. Reglur um fjarlægðarmörk hafi þó leitt til þess að takmarka hafi þurft fjölda þátttakenda í hinum ýmsum námskeiðum í smiðjunum sjálfum við 5 - 25 manns. Því hafi verið brugðið á það ráð að færa námskeiðin inn í hverfin og nota samfélagsmiðla eins og mögulegt var.

UYDEL var í góðu samstarfi við borgaryfirvöld og fékk leyfi til að halda starfinu í smiðjunum áfram með því að fylgja ítrustu reglum um smitgát. Í sex mánaða skýrslu UYDEL segir að samtökin séu bjartsýn á að markmiðum starfsins fyrir árið 2020 verði náð fyrir lok ársins þrátt fyrir heimsfaraldurinn.



# Fjármál

## Fjáröflun

Tekjur Hjálparstarfs kirkjunnar frá 1. júlí 2019 til 30. júní 2020 námu 344,3 milljónum króna.

Fjórar hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru farnar á starfsárinu: Söfnun fyrir aðstoð við efnalitla foreldra í upphafi skólaárs í ágúst og september og jóla- og páskaöfnun voru með því sniði að fólk á aldrinum 30 – 80 ára fékk valgreiðslu í heimabanka en í nóvember öfluðu börn í fermingarfræðslu fjár með því að ganga í hús í hverfinu sínu með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar í hönd.

Regluleg fjárframlög frá einstaklingum, prestum og sóknum þjóðkirkjunnar, keyptar styrktarlínur í fréttablaði Hjálparstarfs kirkjunnar, Margt smátt... og sala gjafabréfa af vefsíðunni gjoftsemgefur.is renndu styrkum stoðum undir starfið.

Hjálparstarf kirkjunnar naut ríkulegs stuðnings stjórnvalda við verkefni á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar erlendis sem og við neyðaraðstoð og valdeflingarverkefni innanlands. Fjárstuðningur kirkjuráðs við verkefni sem ber vinnuheitid „Opíð hús fyrir konur í vanda“, samtals 40 milljónir króna, er skráður til tekna á starfsárinu en þess ber að geta að verkefnið hefst á starfsárinu 2020-2021 og því mun kostnaðurinn koma fram á því ári.

### ***Hautsöfnun – Ekkert barn útundan! og áheit á maraþonhlaupara***

Hjálparstarf kirkjunnar safnaði fyrir aðstoð við efnalitlar fjölskyldur í upphafi skólaárs 2019 - 2020 með valgreiðslukröfu í heimabanka fólks á aldrinum 30 – 80 ára um 2.600 króna framlag. Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra bauð maraþonhlaupurum í Reykjavíkurmaraþoni til samverustundar í Háteigskirkju daginn fyrir maraþon og framlag þeirra sem hétu á hlauparana fjórtán sem hlupu fyrir Hjálparstarfið í ágúst 2019, alls 213.312 krónur, rann til verkefnisins einnig. Alls söfnuðust 7.129.994 krónur til innanlandsstarfs haustið 2019.

### ***Fjáröflun með aðstoð barna í fermingarfræðslu***

Börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar gengu í hús í fleiri en 60 sóknum um land allt í október 2019 með bauk frá Hjálparstarfi kirkjunnar í hönd. Börnin gáfu þannig af tíma sínum til að safna fé til verkefna Hjálparstarfsins í Afríku. Alls söfnuðu tilvonandi fermingarbörn 7.102.351 krónu. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

### ***Jólasöfnun – Vatn, húsaskjól og betri heilsa!***

Í jólasöfnuninni 2019 var safnað fyrir verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu og Úganda og söfnuðust samtals 14.361.211 krónur.

### ***Páskasöfnun - Styðjum hvert annað!***

Páskasöfnun 2020 fór fram í skugga kórónuveirufaraldurs og var framlögum safnað til aðstoðar við fólk í efnislegri neyð á Íslandi og á alþjóðavettvangi með því að senda valgreiðslukröfu í heimabanka landsmanna undir slagorðinu *Styðjum hvert annað!* Alls söfnuðust 10.872.611 krónur.

### ***Gjöfsemgefur.is***

Á starfsárinu 2019 - 2020 keypti fólk gjafabréf Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir 6.834.285 krónur á vefsíðunni gjofsemgefur.is. Unnið var að endurnýjun síðunnar á starfsárinu en uppfærð síða lítur dagsins ljós á nýju starfsári.

### ***Stuðningslínur og auglýsingar í fréttablaðinu Margt smátt...***

Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök lögðu starfinu lið með því að auglýsa stuðning í fréttablaði Hjálparstarfs kirkjunnar sem kom þrisvar út á starfsárinu. Alls söfnuðst 14.363.818 krónur með þeim hætti.


### ***Hjálparliðar***

*Hjálparliðar* sem styrkja Hjálparstarf kirkjunnar með reglulegu framlagi eru máttarstólpi undir starfinu og gera stofnuninni betur kleift að rétta hjálparhönd þeim sem á þurfa að halda. Hjálparliðar voru 2422 talsins í lok starfsárs 2019 - 2020. Alls námu framlög þeirra sem styrktu starfið með reglulegum hætti 49.981.430 krónum á starfsárinu.


## **Framlög til verkefna og reksturs**

Hjálparstarf kirkjunnar varði 306,8 milljónum króna til verkefna og reksturs á starfsárinu. Stofnunin varði alls 86,6 milljónum króna til verkefna í þróunarsamvinnu og 39 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarfið 101,2 milljónum króna og til fræðslustarfs 10 milljónum króna.


## Tekjur námu 344,3 milljónum króna



## 236,8 milljónum var varið til verkefna



## Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 306,8 milljónum króna



# Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

## Hlutverk

Hjálparstarf kirkjunnar starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótastarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmiðin eru bætt líf skjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt. Í starfinu felst fjáröflun, þróunarsamvinna og samstarf um mannúðaraðstoð erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf.

## Skipulag

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun skráð í þjóðskrá og fyrirtækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra með rekstrarform félagasamtaka. Starfsár stofnunarinnar er frá 1. júlí – 30. júní ár hvert. Yfirstjórn hennar er í höndum fulltrúaráðs en í það skipar kirkjuráð þjóðkirkjunnar fimm fulltrúa, lærða og leikna, og prófastsdæmi í landinu einn fulltrúa hvert. Auk þess er hverri kirkjusókn heimilt að tilnefna fulltrúa í ráðið. Fulltrúaráð kýs framkvæmdastjórn Hjálparstarfsins og setur henni og endurskoðendum starfsreglur.

## Framkvæmdastjórn

Í framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2019 – 2020 voru: Gunnar Sigurðsson, formaður, Hörður Jóhannesson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn í stjórn voru Benedikt Vilhjálmsson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir. Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri og annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

## Starfsfólk

**Bjarni Gíslason** er framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

**Atli Geir Hafliðason** hefur umsjón með starfi sjálfboðaliða, bókunum og fleiru

**Áslaug Arndal** hefur umsjón með skrifstofu

**Guðný Helena Guðmundsdóttir** félagsráðgjafi

**Júlía Margrét Rúnarsdóttir** félagsráðgjafi

**Kristín Ólafsdóttir** hefur umsjón með fræðslu og fjáröflun

**Vilborg Oddsdóttir** félagsráðgjafi hefur umsjón með innanlandsstarfinu

Helena Gunnarsdóttir og Sædís Arnardóttir félagsráðgjafar í innanlandsstarfinu létu af störfum á starfsárinu og eru þeim þökkuð góð störf

## Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

### **Sjálfkjörin samkvæmt skipulags- skrá stofnunarinnar**

Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup

### **Skipaðir af kirkjuráði**

Gunnar Sigurðsson  
Hörður Jóhannesson  
Kristín Magnúsdóttir  
Pétur Ragnhildarson  
Salome Huld Garðarsdóttir

### **Varamenn kirkjuráðs**

Guðbjörg M. Matthíasdóttir  
Jón Kristjánsson

### **Fulltrúar prófastsdæma**

#### **Reykjavíkuprófastsdæmi vestra**

Halldór Kristinn Pedersen

#### **Reykjavíkuprófastsdæmi eystra**

Magnús Ásgeirsson  
Vigdís Pálsdóttir

#### **Kjalarnesprófastsdæmi**

Margrét Gunnarsdóttir  
Sr. Bragi Ingibergsson

#### **Vesturlandsprófastsdæmi**

Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson  
Vestfjarðarprófastsdæmi  
Helga Friðriksdóttir  
Svava Björg Þorsteinsdóttir

#### **Húnavatns- og Skagafjarðarpró- fastsdæmi**

Sr. Bryndís Valbjarnardóttir

#### **Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófasts- dæmi**

Sr. Guðmundur Guðmundsson

#### **Austurlandsprófastsdæmi**

Dagur Fannar Magnússon  
Sr. Þuríður Wium

#### **Suðurprófastsdæmi**

Hafsteinn Stefánsson  
Örn Arnarson

### **Fulltrúar prestakalla**

#### **Reykjavíkuprófastsdæmi vestra**

Ássókn  
Oddgeir Þórðarson

Bústaðasókn  
Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn  
Einar Gottskálfsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Grensásókn  
Erik Pálsson  
M. Linda Helgadóttir

Hallgrímssókn  
Guðlaugur Gunnarsson

Háteigssókn  
Ingólfur Björnsson

Langholtssókn  
Anna Þóra Pálsdóttir

Seltjarnarnessókn  
Margrét Albertsdóttir  
Guðmundur Magnússon

#### **Reykjavíkuprófastsdæmi eystra**

Grafarvogssókn  
Sigmar Gíslason  
Bergþóra Valsdóttir

Árbæjarsókn  
Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn  
Anna M. Axelsdóttir

Fella- og Hólabrekkusókn  
Guðrún Jónsdóttir  
Guðmundur Hermannsson

Seljasókn  
Matthildur Sverrisdóttir

Digranessókn  
Margrét Loftsdóttir  
Brynja Baldursdóttir

Kársnessókn  
Benedikt Vilhjálmsson

Lindasókn  
Heiðís Karlsdóttir  
Kjalarnesprófastsdæmi

Bessastaðasókn  
Margrét Gunnarsdóttir

Garðasókn  
Heiðrún Jensdóttir

Kálfatjarnarsókn  
Inga Rut Hlöðversdóttir  
Símon Georg Rafnsson

#### **Vesturlandsprófastsdæmi**

Akranessókn  
Sigríður Kr. Valdimarsdóttir  
Ragnheiður Grímsdóttir

#### **Eyjafjarðarprófastsdæmi**

Akureyrarsókn  
Jón Oddgeir Guðmundsson

#### **Þingeyjarprófastsdæmi**

Húsavíkursókn  
Guðbergur Rafn Ægisson

#### **Suðurprófastsdæmi**

Kirkjubæjarklausturssókn  
Elín Anna Valdimarsdóttir  
Arndís Jóhannsdóttir

Ofanleitissókn  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Guðbjörg Matthíasdóttir

Selfosssókn  
Vilhjálmur E. Eggertsson  
Þórður G. Árnason

**Heimasíða: [hjalparstarfkirkjunnar.is](http://hjalparstarfkirkjunnar.is)**  
**Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)**  
**Instagram: [@hjalparstarfid](https://www.instagram.com/hjalparstarfid)**  
**Gjafabréf: [gjofsemgefur.is](mailto:gjofsemgefur.is)**